

Reykjavík, 18. október 2023

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar

Efni: Umsögn Samorku um áform um lagasetningu þjónustugjöld Orkustofnunar, mál í Samráðsgátt nr. 184/2023

Samorka styður þau áform sem fram koma í Orkustefnu fyrir Ísland að leyfisferli fyrir nýtingu orku séu gagnsæ, einföld og skilvirk.

Að mati Samorku kemur vel til greina að styrkja lagaheimildir Orkustofnunar til töku þjónustugjalda vegna vinnu við leyfisumsóknir vegna auðlindanýtingar, útgáfu leyfa og eftirlits með þeim, eins og fram kemur í áformaskjali stjórnvalda. Mikilvægt er að þjónustugjöldum sé ætlað að mæta framangreindum markmiðum um gagnsæi, einföldun og skilvirka þjónustu Orkustofnunar.

Nauðsynlegt er í því sambandi að horfa til fyrirhugaðra breytinga á verkefnum Orkustofnunar sem nú eru áformuð, sbr. frumvarp til laga um Loftslagsstofnun í samráðsgáttarmáli nr. 168/2023. Huga þarf vel að því við skipulag nýrrar stofnunar að þar verði stjórnsýsla öll stafræn, gagnaskil opin og einföld og aðeins einu sinni þurfi að skila gögnum til stofnunarinnar í tengslum við eitt og sama verkefnið. Samhliða mótun á skipulagi nýrrar stofnunar er eðlilegt að fram fari mat á því á hvaða tímapunkti og fyrir veitingu hvaða þjónustu eru innheimt þjónustugjöld.

Mikilvægt er að þjónustugjöldum verði stillt í hóf og skýrt afmarkað í lögum til hvaða verkefna þeim er ætlað að renna. Þar sem Orkustofnun hefur nú þegar heimildir til að innheimta gjöld til að standa undir kostnaði við Raforkueftirlit Orkustofnunar er mikilvægt að fullnægjandi fjárhagslegur aðskilnaður sé milli ólíkra verkefna, þannig að skýrt sé í framkvæmd hvaða kostnaði viðkomandi þjónustugjald mætir.

Þá þarf að huga að því hvernig eftirlit með innheimtu gjalda verði háttað, birtingu og kynningu á þjónustugjöldum, viðbrögð við ábendingum og kvörtunum og ferli við endurskoðun gjaldskrár.

Að mati Samorku þyrfti í kjölfar upptöku þjónustugjalda að framkvæma reglulega úttekt á því hvernig gjöld hafa verið innheimt og hvort markmiðum um bættu þjónustu við umsækjendur, styttri afgreiðslutíma o.fl. slíkt hafi verið náð.

Samorka þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um áform ráðuneytisins og óskar eftir tækifæri til að veita frekari umsögn um málið þegar frumvarp til laga liggur fyrir.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku

Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur